



VINNULEIÐBEININGAR

Kantsteinn.


Eftirfarandi eru leiðbeiningar sem hægt er að nota sér til stuðnings við lagningu á kantstein úr náttúrusteini.




Þegar kannsteinn er lagður skal vera búið að setja út alla nauðsynlega hæðarpunkta til að tryggja að umhverfi í kringum kantstein passi að kantsteininum. Gott er að leggja kansteininn í nokkuð þurra steypu en ef um lágan kantstein er að ræða er möguleiki að leggja kansteininn í sand. Undirkantstein skal vera frostfrír jarðvegur að lágmarki 60 cm djúpur.



Þegar búið er að jafna undir kansteininn skal hann lagður út á jöfnunarlagið. Passa skal að leggja kansteininn jafnt niður til að skemma ekki jöfnunarlagið.



Þegar búið er að leggja kansteininn út á jöfnunarlagið skal steipt baksteypa aftan við kansteininn. Baksteypan þarf að vera járnbundin með tveimur steypustyrktarjárnnum minnst 10mm þykkum. Ef möguleiki er að koma steypu framanvið kanstein skal það gert til að auka stöðuleika kansteinsins.



Næst er að ganga frá jarðvegi og öðru í kringum kansteininn til að klára verkið.